

Borgarráð

Viðauki við fjárhagsáætlun 2026

1. Tónlistarnám – greiðslur frá Jöfnunarsjóði

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 69.250 þ.kr. vegna viðbótarframlags frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stuðnings við tónlistarnám og jöfnunar á aðstöðumun nemenda. Breytingin verður fjármögnuð með hækkun Jöfnunarsjóðstekna á kostn.st. 00103.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SKATT	00103	Jöfnunarsjóðstekjur	Frá	-69.250
SFS	xxx	Tónlistarskólar	Til	69.250
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Jöfnunarsjóður hefur úthlutað alls 139 m.kr. viðbótarframlagi á árinu 2026 til að jafna aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms, sbr. samning ríkis og sveitarfélaga um árlegt styrktarframlag ríkissjóðs í Jöfnunarsjóð, sem er ætlað að gera nemendum kleift að stunda tónlistarnám óháð búsetu og efnahag. Framlagið skal renna til greiðslu kennslukostnaðar nemenda í framhaldsnámi í hljóðfærarleik og söng ásamt miðnámi í söng og, að uppfylltum skilyrðum, nemenda sem hafa lokið námi á framhaldsstigi. Hlutur tónlistarskóla í Reykjavík í þessu viðbótarframlagi nemur 69.250 þ.kr. Tillagan felur í sér að skóla- og frístundasvið fái heimild til að hækka miðlun greiðslna til tónlistarskóla í Reykjavík til samræmis við uppfærða áætlun Jöfnunarsjóðs.

2. NPA samningar

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 87.174 þ.kr. vegna kjarasamningsbundinna launahækkana. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-87.174
VEL	xxx	NPA - kjarasamningsbundnar hækkanir	Til	87.174
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Velferðarsvið hefur óskað eftir auknum fjárheimildum til að standa straum af kostnaði vegna kjarasamningsbundinna launahækkana á samningum um Notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) umfram það sem þegar hefur verið fjármagnað í ramma sviðsins. Taxtahækkanir frá 1. janúar 2026 nema á bilinu 6,06% - 6,31% og er hlutur Reykjavíkurborgar í þeim hækkunum um 4,3% eða sem nemur 87.174 þ.kr. Ríkið leggur til 25% mótframlag til NPA samninga og um leið það sem á vantar til að standa straum af kjarasamningsbundnum launahækkunum.

3. Frítt í strætó fyrir reykvísk börn á grunnskólaaldri

Lagt er til að fjárheimildir vegna framlaga til b-hluta félaga hækki um 47.000 þ.kr. vegna ákvörðunar um að leggja niður gjaldtöku reykvískra barna á grunnskólaaldri í strætó. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-47.000
FRAML	xxx	Rekstrarframlag Strætó	Til	47.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Á borgarstjórnarfundi þann 3. febrúar 2026 var lögð fram og samþykkt tillaga MSS26020006, um að fella niður gjaldtöku vegna reykvískra barna á grunnskólaaldri. Á borgarráðsfundi þann 30. apríl 2026 var samþykkt tillaga að skammtímalausn vegna frírra strætóferða fyrir grunnskólabörn í Reykjavík, þar sem boðið verði upp á tímabilskort í Klapp-appi Strætó í maí og júní 2026 fyrir reykvísk börn á grunnskólaaldri sem brúarlausn á meðan varanleg útfærsla er unnin. Heildarkostnaður við tillögurnar samþykkt framlag til verkefnisins nemur 47.000 þ.kr. fyrir tímabilið maí og júní.

4. Breytingar á starfsemi Klettaskóla og opnun nýrrar starfseiningar í fyrrum Korpuskóla

Lagt er til að fjárheimildir til skóla- og frístundasviðs hækki um 42.000 þ.kr. vegna opunar nýrrar starfseiningar við Klettaskóla í fyrrum Korpuskóla. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-42.000
SFS	xxx	Klettaskóli	Til	42.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Á borgarráðsfundi nr. 5823, þann þann 30. apríl 2026 var lögð fram og samþykkt tillaga SFS26020032, að frá og með hausti 2026 verði opnuð ný starfseining Klettaskóla í fyrrum Korpuskóla fyrir fatlaða nemendur. Áætlað er að viðbótarrekstrarkostnaður sérskóla hækki um 139.000 þ.kr. á ársgrundvelli við opnun nýs úrræðis í fyrrum Korpuskóla og það falli til allt að 70.000 þ.kr. á árinu 2026. Gert er ráð fyrir að um 60% kostnaðar heyri til reykvískra barna og má þá gera ráð fyrir að viðbótarfjárförf skóla- og frístundasviðs verði 42.000 þ.kr. á árinu 2026. Fjárheimildin er veitt með fyrirvara um að unnt verði að rúma viðbótarútgjöld í gegnum nýtt fjármögnunar- og rekstrarlíkan sem er í smíðum fyrir sérskóla. Stefnt er að því að nýtt líkan verði tilbúið á síðari hluta ársins og unnt verði að rýna forsendur fjárhagsáætlunar fyrir sérskóla á næsta ári með hliðsjón af því.

5. Aðstöðumál Glímufélagsins Ármanns

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 20.000 þ.kr. á árinu 2026 vegna aðstöðumála hjá Glímufélaginu Ármanni. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -20.000
MÍR	xxx	Glímufélagið Ármann	Til 20.000
		Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Á borgarráðsfundi nr. 5824, þann þann 7. maí 2026. apríl 2026 var lögð fram og samþykkt tillaga MSS25120004, þar sem lagðar eru fram tillögur starfshóps til að skoða aðstöðumál Glímufélagsins Ármanns. Tillögurnar hafa verið kostnaðarmetnar á um 36.500 þ.kr. á ársgrundvelli auk þess sem lögð er til ein tillaga sem felur í sér einskíptiskostnað sem er áætlaður 1.000 þ.kr. Samþykkti borgarráð einnig að endurnýja umboð starfshópsins til að rýna framtíðarmálefni félagsins og að hópnum yrði falið að gera skýrslu og leggja til kostnaðarmetnar tillögur er lúta að framtíðaraðstöðu Glímufélagsins Ármanns. Áætlað er að kostnaður skv. samþykktum tillögum sem falli til á árinu 2026 nemi 20.000 þ.kr. Fyrir liggur að heildarsamningur Reykjavíkurborgar og ÍBR er til endurskoðunar síðar á árinu 2026. Gera þarf ráð fyrir að aðstöðumál Glímufélagsins Ármanns rúmist innan hans.

6. Aðstöðumál Ungmennafélagsins Fjölnis

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og íþróttasviðs hækki um 14.000 þ.kr. á árinu 2026 vegna aðstöðumála hjá Ungmennafélaginu Fjölni. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-14.000
MÍR	xxx	Ungmennafélagið Fjölnir	Til	14.000
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Á borgarráðsfundi nr. 5824, þann þann 7. maí 2026. apríl 2026 var lögð fram og samþykkt tillaga MSS25120005, þar sem lagðar eru fram tillögur starfshóps til að skoða aðstöðumál Ungmennafélagsins Fjölnis. Tillögurnar hafa verið kostnaðarmetnar á um 21.000 þ.kr. á ársgrundvelli. Samþykkti borgarráð einnig að endurnýja umboð starfshópsins til að rýna framtíðarmálefni félagsins og að hópnum yrði falið að gera skýrslu og leggja til kostnaðarmetnar tillögur er lúta að framtíðaraðstöðu Ungmennafélagsins Fjölnis. Áætlað er að kostnaður sem falli til á árinu 2026 nemi 14.000 þ.kr. Fyrir liggur að heildarsamningur Reykjavíkurborgar og ÍBR er til endurskoðunar síðar á árinu 2026. Gera þarf ráð fyrir að aðstöðumál Ungmennafélagsins Fjölnis rúmist innan hans.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri